

## Skólaráðsfundur BES 4. apríl 2022

- Haldinn á Stokkseyri kl. 14:15

Boðaðir voru:

Páll Sveinsson, skólastjóri

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Guðný Ósk Vilmundardóttir, fulltrúi kennara

Drífa Pálin Geirsdóttir, fulltrúi foreldrafélags

Guðmundur Ármann, fulltrúi foreldra

Sigmar Ólafsson, fulltrúi grendarsamfélags

Ósk Pálsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Klaudia Joanna Figlarska 10.b. fulltrúi nemenda

Gabriel Róbert Atlason 9. b fulltrúi nemenda

Guðrún ritar fundargerð, Gabriel fulltrúi nemenda fjarverandi og Drífa Pálin fulltrúi foreldra boðaði forföll.

Fundarefni eru þessi:

1. Síðasta fundargerð lesin

2. Húsnæðismál BES

Skólastjóri reifar ástandið. Umfjöllunin hefur verið erfið. Ákveðin krísustjórnun hefur átt sér stað innan skólans. Húsnæðismálin og Covid hafa sett skólaþróunarstarf á ís á meðan en sú vinna mun fara af stað aftur eftir páskafrí. Óvissa með hvernig bráðabirgðalausn á Eyrarbakka verður á næsta skólaári og hvenær lausnin verður tilbúin. Skólastjórnendur hafa áhyggjur af ástandinu. Vonumst til að vera komin í góða bráðabirgðalausn næsta haust á meðan unnið er að framtíðarlausn. Samtal um mögulegt plan B ef bráðabirgðalausn verður ekki tilbúin. Vegna mygluástands í gamla skólanum á Stokkseyri vantar aðstöðu fyrir heimilisfræðikennslu, tónmenntakennslu og frístund. Nemendur mjög ánægðir með breytingar á stundatöflum sem gerðu það að verkum að bekkirnir eiga sínar heimastofur. Með vorinu vonumst við til að geta farið í meiri útikennslu t.d.

3. Starfsmannamál BES

a. Kennararáðningar. Samtöl í gangi um þessar mundir. Skóladaurinn í Árborg var í síðustu viku, þar var áherslan á uppbyggingu starfsmanna og líðan. Erum að fá umsóknir um kennarastöður án þess að hafa auglýst. Kennaranemum líst vel á starfið og finnst vinnustaðurinn spennandi. Stjórnendur að raða niður fyrir næsta skólaár.

b. Staða deildarstjóra stoðþjónustu. Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti í dag. Komnar nokkrar umsóknir.

4. Nám og kennsla í BES

a. Skólanámskrá. Höfum verið að útbúa okkar eigin skólanámskrá sem okkar námsmat er byggt á. Skólanámskrár eru sýnilegar undir kennsluáætlunum á heimasíðunni en mun verða birt sérstaklega.

b. Kennsluáætlanir. Komnar á heimasíðu skólans.

c. Framvinduskýrsla til MMS. Skýrsla skilað í dag þar sem umbótum í skólastarfi er líst. Búið er að bregðast við öllum liðum varðandi tækifæri til umbóta eða í það minnsta vinna farin af stað.

d. Nemendafulltrúi segir frá að nemendur séu ánægðir með vinnubrögð og að minna vægi sé á próf. Kennarar mjög færir. Nemendur hafa fjölbreyttari leiðir til náms sem ná hæfileikum hvers og eins betur fram.

5. Starfið framundan

- a. Árshátíð yngra stigs 8. apríl. Stífar æfingar. Unglingastigið og elstu krakkar leiksskóla komu oft og horfðu á general prufu.
  - b. Páskaleyfi 9.-19. apríl.
  - c. BES lítur sér nær – Japan/Ísl. Samstarf við Ástu Guðmundsdóttur á Eyrarbakka. Sýning hefur verið í gangi í Japan og við fengið að sjá myndbönd að því. Ásta hefur boðið okkur í heimsókn í vinnuaðstöðunni sinni á Eyrarbakka. Listahátíð í maí – sem BES mun vinna með Ástu að.
  - d. Árshátíð unglíngastigs 28. apríl.
  - e. Erasmus+. Tökum þátt í evrópusamstarfi. Hafa verið skemmtileg nemendaverkefni. Núna eru tvö verkefni í gangi.
6. Skóladagatal 2022-2023 kynnt. Fundarmenn ánægðir með skóladagatalið.
  7. Afmæli skólans haust 2022. Afmælisnefnd hefur ekki verið stofnuð ennþá en slíkt verður gert á næstu misserum. Afmæli skólans verður haldið. Afmælisnefnd verði blandaður hópur.
  8. Önnur mál
    - a. Barnabær. Til stóð að halda Barnabæ en ákveðið að fresta þar sem starfsmenn treystir sér ekki til þess í kjölfar covid ástandsins. Fólk er orðið langþreytt og aðstöðumálin ekki að vinna með okkur heldur. Stundum verð velt upp að hafa barnabæ ekki endilega að vori heldur hausti eða jafnvel jólabarnabæ. Stjórnendur vija halda barnabæ en vildu sýna starfsfólki þá virðingu að sleppa því að þessu vori. Viljum standa vörð um verkefnið og standa vel að því næst þegar það verður sett upp. Þetta verður gefið út í foreldrasamfélagið á næstu dögum/vikum. Hugmynd að setja upp barnabæ í tengslum við afmæli skólans í samstarfi við afmælisnefnd.
    - b. Sigmar segir frá að nemendur úr BES (tvær stúlkur) bönkuðu uppá og réttu fram miða sem á stóð „Þú ert góð manneskja“. Heimilisfólkið kunnir vel að meta þetta. Þetta var í kjölfar á verkefni sem samskiptateymið ýtti úr vör þar sem nemendur báru út jákvæð skilaboð á miðum til íbúa á Stokkseyri og Eyrarbakka.
    - c. Skólaslit. Fulltrúi nemenda ræðir skólaslit og að nemendur 10. bekkjar séu ekki teknir sér. Skólastjóri leggur til að stjórnendur heimsæki nemendur 10. bekkjar þar sem rætt verða hugmyndir nemenda varðandi skólaslit.

Fundi slitið kl. 15:40.

PS